



samtök sjálfstæðra skóla

Ályktun aðalfundar SSSK 29. apríl 2009:

Sjálfstæðum rekstri í leik- og grunnskólastarfi hefur vaxið fiskur um hrygg á síðastliðnum árum. Leikskólar í sjálfstæðum rekstri eru nú orðnir 38 með 2.600 nemendum sem svarar 14,2% allra leikskólabarna á Íslandi. Fjöldi sjálfstæðra grunnskóla eru nú 10 talsins með 800 nemendum sem samsvarar 1,8% allra grunnskólabarna á Íslandi. Þannig hefur valkostum í menntakerfinu fjölgað og fjölbreytni aukist stórstíga sem kemur bæði nemendum, foreldrum og samfélaginu öllu til góða. Samtök sjálfstæðra skóla leggja áherslu á að hinum nýju valkostum séu búnar réttlátar aðstæður við hlið þeirra skóla sem reknir eru af opinberum aðiljum og tryggt sambærilegt fjármagn svo jafnræði ríki og fjölskyldur hafi val um skóla án tillits til efnahags.

Samtök sjálfstæðra skóla á Íslandi (SSSK) gleðjast í dag yfir mörgum mikilvægum áföngum í málefnum sjálfstæðu skólanna eftir að samtökin voru stofnuð fyrir fjórum árum. Samtökin hafa vaxið og eflst og í framhaldi af því er nýjasti áfanginn að flestir skólanna eru nú aðilar að *Samtökum verslunar – og þjónustu og Samtökum atvinnulífsins*. Við höfum því bæði eignast samstarfsaðila og bakhjarl sem við væntum mikils af.

Sem fyrr keppum við að því að vinna með nemendum okkar og foreldrum þeirra við að móta jákvæða framtíðarsýn fyrir æsku landsins. Sýn sem byggir á þeirri bjargföstu vissu að fjölbreytni í skólamálum sé einn lykillinn að fjölbreyttu þjóð- og mannlífi sem við þurfum svo sannarlega á að halda. Við hyggjumst halda ótrauð áfram að vera framsækin og leita sífellt nýrra leiða til að gera gott skólastarf enn betra. Við höfum auk þess fundið að samvinna og samtakamáttur innan okkar raða hefur skilað miklu.

Mikil vilji til góðra verka ríkir innan veggja sjálfstæðu skólanna þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður í þjóðfélaginu upp á síðkastið. Við þær aðstæður þarf umfram allt að huga að börnum og ungmennum. Við tökum heils hugar þátt í því og skorum á stjórnvöld í landinu að setja málefni þeirra í forgang.

Velferð barna og ungmenna er fjársjóður framtíðar.